

# Verðlaunamyndirnar 2015

## Dómnefndir:

Hilmar Þór Guðmundsson, Sissa, Íris Dögg Einarsdóttir, Auðunn Nielsson, Þorfi Agnarsson og Karl Petersson skipuðu dómnefndina og formaður dómnefndar var danski fréttaljósmyndarinn Jan Grarup.



Ljósmyndari:  
Eyþór Árnason

## Mynd ársins



### Umsögn dómnefndar:



Myndin getur ekki annað en hreyft við áhorfandanum. Hún er tímalaus og full af orku. Dómnefndin fékk á tilfinninguna að konan væri eins og móðir jörð sem væri annað hvort að sökkva eða rísa upp. Þannig vekur myndin okkur til umhugsunar um það hvernig við komum fram við náttúruna, sem er mjög við hæfi á þessum tínum.

## Íþróttamynnd ársins



Ljósmyndari:  
Eggert Jóhannesson



### Umsögn dómnefndar:

Myndin sýnir miklar tilfinningar sem fylgja íþróttum. Það er stutt á milli hláturs og gráts. Myndin er tekin á þann hátt að áhorfandanum finnst hann vera inni í þyrringunni og upplifir gleðina með stúlkunum.

## Daglegt líf



Ljósmyndari:  
Heiða Helgadóttir



### Umsögn dómnefndar:

Myndin er tekin á þann hátt að það er líkt og ljósmyndarinn sé að gægjast inn um dyr sem gerir upplifuna sterkari. Hún er táknað fyrir það sem er að gerast í heiminum í dag þar sem síminn er það sem virðist skipta fólk mestu máli og persónuleg samskipti líða oft fyrir það.



## Tímaritamynd ársins



Ljósmyndari:  
Eyþór Árnason



### Umsögn dómnefndar:

Myndin getur ekki annað en hreyft við áhorfandanum. Hún er tímalaus og full af orku. Dómnefdin fékk á tilfinninguna að konan væri eins og móðir jörð sem væri annað hvort að sökkva eða rísa upp. Þannig vekur myndin okkur til umhugsunar um það hvernig við komum fram við náttúruna, sem er mjög við hæfi á þessum tímum.

## Portrettmynd ársins



Ljósmyndari:  
Kristinn Magnússon



### Umsögn dómnefndar:

Ljósmyndarinn nýtir sér samspilið á milli sín og módelins og er glöggur að grípa þau augnablik sem út úr því koma. Það að módelið hylji andlit sitt að hluta sýnir glettnina á milli þeirra tveggja.



## Umhverfismynd ársins



Ljósmyndari:

Haraldur Þór Stefánsson



### Umsögn dómnefndar:

Myndin sýnir mikla dramatík og kraft náttúrunnar. Persónan á myndinni gefur áhorfandanum viðmið sem gerir upplifun hans enn meiri. Myndvinnslan hæfir myndinni einstaklega vel.

## Fréttamynd ársins



Ljósmyndari:

Kristinn Magnússon



### Umsögn dómnefndar:

Myndin lýsir vel ástandinu í heiminum í dag, snemma morguns, þegar verið er að leiða innflytjendafjölskyldu út í rútu. Óttinn í svip stúlkunnar fremst á myndinni leynir sér ekki og óör-yggið hjá allri fjölskyldunni sem er á leið út í óvissuna. Myndin fær áhorfandann til að hugsa um öryggisleysið sem fylgir þessu fólk sem vísað er úr landi í skjóli nætur.



## Myndröð ársins



Ljósmyndari:  
Heiða Helgadóttir



### Umsögn dómnefndar:

Serían sýnir á mjög raunsæjan hátt hvernig hestaréttir eru. Ljósmyndarinn sýnir okkur mismunandi vinkla sem fær áhorfandann til að finnast eins og að hann sé á staðnum. Myndirnar eru fallega unnar og sagan er fjölbreytileg.